



43-05-01

HEILBRIGÐIS- OG
TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ
REYKJAVÍK

Hollustuvernd ríkisins
mengunarvarnir
Skipholti 15
101 Reykjavík

TILV. RÁÐUNEYTIS

DAGS

AUGLÝSING UM STARFSLEYFI FYRIR SORPEYÐINGU
Á SAUÐÁRKRÓKI.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir eyðingu á heimilis-, iðnaðar og verslunarsorpi í Sauðárkrókskaupstað.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan rekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Skylt er að sjá um að á öllu athafnasvæðinu sé gætt fyllsta hreinlætis, eftir því sem kostur er á og umhverfið sé snyrtilegt.
- 1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2. Varnir gegn menjun ytra umhverfis.

- 2.1. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við heilbrigðisnefnd. Sveitarstjórn getur ákveðið í samráði við heilbrigðisnefnd að mismunandi tegundum þessa úrgangs sé haldið aðgreindum í nýtingarskyni.

- 2.2. Þeim hluta sérstaks úrgangs, sem telst hættulegur, má ekki blanda saman við annan úrgang. Einstökum tegundum hættulegs úrgangs skal auk þess halda aðgreindum í samráði við Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd.
- 2.3. Athafnasvæði sorpeyðingarinnar skal vera vel afgirt og skal gera sérstakar ráðstafanir til að fok berist ekki frá staðnum. Sorpbrennsluþró skal vera útbúin fokgrindum að ofan og við öskulosunarop.
- 2.4. Haga skal sorpbrennslu þannig að sem minnst ónæði af reyk verði fyrir ibúa bæjarins. Leitast verði við að brenna sorp einungis er vindátt stendur frá byggðinni.
- 2.5. Takmarka skal brennslu á bildekkjum og stærri plasthlutum svo sem kostur er og leita leiða til endurnýtingar.
- 2.6. Úrgangur, sem kann að berast frá sorpeyðinguunni út fyrir afgirt athafnasvæði hennar skal hreinsa upp reglulega.
- 2.7. Sérstakur staður skal vera fyrir brotamálma innan girðingar. ekki er leyfilegt að brotamálmar verði urðaðir. heldur leitast við að þeir fari til brotamálmsvinnslu eftir því sem tök eru á.
- 2.8. Úrgangur, sem urðaður er skal þakinn a.m.k. 60 cm. af jarðvegi. Urðun skal fara fram reglulega og leitast skal við að urða úrgang á vel afmörkuðum stöðum innan urðunarsvæðisins.
- 2.9. Að aflokinni urðun skal svæðið frágengið þannig að snyrtilegt sé og það falli sem best inn í landslagið. Sá skal grasfræi eða öðrum gróðri við lokafrágang.
- 2.10. Öll losun á úrgangi í fjörur eða í sjó fram er óheimil.

- 2.11. Leiðbeiningaskiltum skal koma upp þar sem opnunartímar eru kynntir ásamt umgengni um svæðið og hvar losun eigi að fara fram í hvert skipti.
- 2.12. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu sammáði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis-og tryggingamálacáðherra, að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða vegna röskunar lifríkis.

3. Gildistaka.

- 3.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis-og tryggingamálaráðuneytið
7. desember 1987.

